

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma.

1. gr.

Við 1. gr. auglýsingarinnar bætist nýr 21. töluliður, síðari töluliðir breyta um númer samkvæmt því þannig að fyrri 21. töluliður verður 22. töluliður o.s.frv. Nýr 21. töluliður orðast svo: Reyðarfjarðarlína: Úr Reyðarfirði upp með þjóðvegi og þaðan upp í Áreyjatind. Úr Áreyjatindi í Sandfell þaðan niður í Gilsá í Grímsá. Grímsá í mörk Vaðs og Geirólfsstaða og þaðan yfir í Hallormsstaðargirðingar í Gilsá í Gilsárdal í Löginn.

2. gr.

Við auglýsinguna bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI

Samkvæmt ofangreindum varnarlínunum í 1. gr. verða til eftirfarandi varnarsvæði:

	Varnarsvæði	Varnarlínur
1	Landnámshólf	Hvalfjarðarlína (4) að norðan – Sogs- og Bláskógalína (2) að austan – Hvítarlína (1) að sunnan
2	Vesturlandshólf	Hvammsfjarðarlína (6) að norðan – Tvidægrulína (9) að austan – Hvalfjarðarlína (4) að sunnan – Snæfellslína (5) að vestan
3	Snæfellsneshólf	Snæfellslína (5)
4	Dalahólf	Gilsfjarðarlína (7) að norðan – Hvammsfjarðarlína (6) að sunnan
5	Vestfjarðahólf eystra	Kollafjarðarlína (8) að vestan – Gilsfjarðarlína (7) að sunnan
6	Vestfjarðahólf vestra	Kollafjarðarlína (8)
7	Miðfjarðarhólf	Hvammsfjarðarlína (6) að norðan – Tvidægrulína (9) að vestan – Miðfjarðarlína (10) að austan
8	Vatnsnesshólf	Miðfjarðarlína (10) að sunnan – Vatnsneslína (11) að austan
9	Húnahólf	Vatnsneslína (11), Miðfjarðarlína (10) og Tvidægrulína (9) að vestan – Kjalarlína (12) að sunnan – Blöndulína (13) að austan
10	Skagahólf	Kjalarlína (12) að sunnan – Blöndulína (13) að vestan – Héraðsvatnalína (14) að austan
11	Tröllaskagahólf	Héraðsvatnalína (14) að vestan – Eyjafjarðarlína (15) að austan
12	Grímseyjarhólf	Grímsey
13	Eyjafjarðarhólf	Eyjafjarðarlína (15) að vestan – Skjálfandalína (17) að austan – Sprengisandslína (16) að sunnan
14	Skjálfandahólf	Skjálfandalína (17) að vestan – Fjallalína (18) að austan
15	Norðausturhólf	Fjallalína (18) að vestan – Jökuldalslína (19) að austan

16	Héraðshólf	Jökuldalslína (19) að vestan – Lagarfljótslína (20) að austan
17	Austfjarðahólf	Lagarfljótslína (20) að vestan – Reyðarfjarðarlína (21) að sunnan
18	Suðurfjarðahólf	Lagarfljótslína (20) að vestan – Reyðarfjarðarlína (21) að norðan – Hamarsfjarðarlína (22) að sunnan
19	Suðausturlandshólf	Hamarsfjarðarlína (22) að norðan – Breiðamerkursandslína (23) að vestan
20	Öræfahólf	Breiðamerkursandslína (23) að austan – Skeiðarársandslína (24) að vestan
21	Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf	Skeiðarársandslína (24) að austan – Markarfljótslína (26) að vestan – Tungnárlína (25) að norðan
22	Rangárvallahólf	Markarfljótslína (26) og Tungnárlína (25) að austan – Þjórsárlína (27) að vestan – Sprengisandslína (16) að norðan
23	Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf	Þjórsárlína (27) að austan – Hvítárlína (1) að vestan
24	Biskupstungnahólf	Hvítárlína (1) að austan – Brúararlína (3) að vestan – Kjalarlína (12) að norðan
25	Grímsnes- og Laugardalshólf	Brúararlína (3) að austan – Hvítárlína (1) að sunnan og Sogs- og Bláskógalína (2) að vestan
26	Vestmannaeyjahólf	Vestmannaeyjar

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. október 2010.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2010